

(See English below)

Ágætu nemendur í MH.

Nú líður að lokaprófum. Prófin eru haldin á **Miðgarði** og **Miklagarði** og einnig í stofum **11 (ÍSAN), 12, 13, 30, 31 og 33** (hafi nemendur sótt um að vera í sérstofu eða í Námsveri).

Þegar þið komið í skólann verða upplýsingar á tilkynningaskjám við aðalinnganga skólans, um hvar hvert próf er haldið. Þessar upplýsingar má einnig finna í PDF skjali, á heimasíðunni í viðburðadagatalinu (Á döfinni) – undir [próf](#) og líka undir próftafla.

Við biðjum nemendur sem eru að fara í próf á **Miðgarði að ganga upp aðaltröppurnar hægra megin** (eins og þið séuð að fara upp á skrifstofu). Nemendur sem eru að fara í próf á **Miklagarði ganga upp tröppurnar hjá Norðurkjallara** og þar áfram upp til vinstri inn á ganginn milli kennarastofu og bókasafns. Þar er inngangur inn á sviðið á Miklagarði þar sem þið gangið inn. Nemendur í sérstofu geta komið upp aðaltröppurnar eða notað innganginn sem er fyrir ofan húsið (sunnan megin) og farið að stofum.

Prófsalir og prófstofur opna 10 mínútum fyrir auglýstan próftíma og er nemendum frjálst að mæta þá eða í **síðasta lagi fimm mínútum fyrir auglýsta próftíma**. Skiljið yfirhafnir og töskur eftir á borðum við gluggann (á Miðgarði) eða á sviðinu (á Miklagarði) og takið aðeins pennaveski og skilríki með ykkur að borðinu. **Skiljið símana ykkar eftir í tösku eða yfirhöfn – og gætið þess að slökkva á öllum hljóðum!** Gætið að því að finna rétta sætaröð í salnum (oft mörg ólík próf í gangi í einu í prófsalnum), **fáið ykkur sæti og bíðið eftir merki frá salstjórum. Ef þið viljið frekar geyma símann hjá yfirsátum þá afhendið þið þeim þá fyrir prófið.**

Dreifing prófa verður í gangi á meðan þið gangið inn og **ykkur er ALGERLEGA ÓHEIMILT AÐ OPNA PRÓFIN fyrr en salstjóri tilkynnir að próf sé hafið. Almennar prófreglur taka gildi um leið og þið komið í salinn** t.d. megið þið ekki vera með bækur eða glósur uppi við og ekki talast við.

Þegar nemendur yfirgefa prófsali þurfa þeir að fara strax úr skólanum eða mega fara inn í Norðurkjallara eða á bókasafnið. Þetta er gert til að tryggja frið í prófi þar sem próf eru í gangi allan daginn.

Allar helstu upplýsingar um prófin, prófreglur og veikindatilkynningar á prófdegi má finna á heimasíðu skólans: <https://www.mh.is/is/namid/prof>

Það er nauðsynlegt að mæta með skilríki með mynd í prófið. Ef þið eigið ekki skilríki af því tagi má í undantekningartilfellum notast við rafræn skilríki. **Þar sem ekki má vera með síma á sér** í prófinu er það þó ekki mjög handhæg leið. Við bendum á að hægt er að fara til námsráðgjafa, sýna þeim skilríki (t.d. passa eða rafræn skilríki) og fá þar vottað útprint, úr Innunni ykkar – með undirskrift og stimpli skólans. Alger skilyrði til að þetta plagg sé tekið gilt sem skilríki í prófi er að það sé skýr andlitsmynd af nemanda á Innu. Þeir nemendur sem núþegar eiga þannig skilríki þurfa ekki að fá sér nýtt.

Ef eitthvað er óljóst þá eru margir kennarar á staðnum í hverju prófi sem geta svarað öllum ykkar spurningum.

Veikindi á prófdegi verður að tilkynna samdægurs, fyrir kl. 14:00, í gegnum Innu. Sjá nánar hér: <https://www.mh.is/is/namid/prof/sjukraprof>

Að lokum – verið óhrædd við að heyra í okkur ef eitthvað er óljóst eða ef eitthvað kemur upp á. Prófstjórar eru með viðtalstíma í stofu 38 milli 10 og 11 alla prófdagana og einnig er hægt að ná sambandi í gegnum profstjori@mh.is. Ef málið er brýnt má hringja á skrifstofu MH (opið 8:30-15:30) og koma skilaboðum til okkar í síma 595 5200. Við leggjum okkur fram við að leysa úr öllum málum.

Með bestu kveðju, Helga konrektor og námstjórnarnir Auður, Íris Lilja og Harpa H, prófstjórar MH.

Dear MH students.

Most exams, including the Pre-IB exams, will occur in Miðgarður and Miklagarður. Guðmundur has already sent all of you information about the exams.

[Information about where each test is being held](#) will be on notification screens at the main entrance and on the homepage.

Students taking exams in **Miðgarður** should go up the main stairs on the right (as if you are going up to the office). Students taking exams in **Mikligarður** should go up the Norðurkjallari stairs and continue to the left into the corridor between the teacher's lounge and the library. There is an entrance to the stage at Miklagarður where you enter.

Exam halls and rooms open 10 minutes before the exam time and students are free to attend then, or at the latest five minutes before the exam. Leave your coats and bags on the tables by the window (in Miðgarður) or on the stage (in Mikligarður) and take only your pencil case and ID with you to the desk. Leave your phones in your bag or coat **and turn off all sounds!** If you don't want to leave your phone there, you can hand it in to the teachers that are present. Take care to find the correct row of seats in the exam hall, take a seat, and wait for a signal from the teachers to start the exam.

THE TEST MUST NOT BE OPEN UNTIL THE TEACHERS ANNOUNCE THAT THE TEST HAS STARTED! The general exam rules take effect as soon as you enter the hall, e.g. you may not have books or notes and do not talk. All the information about the exams, exam rules, and illness notifications on the exam day can be found on the school's website: <https://www.mh.is/is/namid/prof>

You must bring a photo ID with you to the exams. If you do not have an ID, you can use electronic IDs in exceptional cases. This is inconvenient since you're not allowed to have a phone on you during the exam. You can go to a student counselor, show them your ID (e.g. passport or electronic ID), and get a certified printout of your Innu - with their signature and stamp. For this to be used as an ID in an exam you need to have a clear photo of you on your Inna.

If something is unclear, many teachers in each exam can answer all your questions.

Illness on the day of the exam must be reported on the same day, before 14:00, through Inna. See more here: <https://www.mh.is/is/namid/prof/sjukraprof>

Finally – please don't hesitate to contact us if anything is unclear or if something comes up during the exams. The head of exams is available in room 38 between 10 and 11 every exam day and can be contacted via email at profstjori@mh.is. If the matter is urgent, please call the MH office (open 8:30-15:30) and they will get your message to us, phone number is 595 5200. We will do our best to resolve all issues.

Kind regards,

Helga konrektor og námstjórnarnir Auður, Íris Lilja og Harpa H, Head of exams.